



# Jarðgöng á Vestfjörðum - samfélagsleg greining

Ráðgjafarsvið KPMG

—

Nóvember 2021

# Tengiliðir KPMG

## Sævar Kristinsson

Verkefnastjóri

☎ 545 6331

✉ skristinsson@kpmg.is

## Anna-Bryndís Zingsheim Rúnudóttir

Sérfræðingur

☎ 545 6146

✉ abzrunudottir@kpmg.is

## Steinþór Pálsson

Hluthafi

☎ 545 6230

✉ steinthorpalsson@kpmg.is

## Fyrirvari

Samantekt þessi inniheldur niðurstöður greiningavinnu um samfélagslega þætti í tengslum við jarðgangagerð á Vestfjörðum. Ekki var gerð fjárhagsleg greining jarðganga í verkefninu. Framkvæmd vinnunnar og áhersluatriði eru í samræmi við samning KPMG við Fjórðungssamband Vestfirðinga vegna verkefnisins.

KPMG ber ekki ábyrgð á að uppfæra efni og niðurstöður skýrslunnar í tengslum við atburði eða upplýsingar sem kunna að koma síðar fram.

Vinnan er m.a. byggð á upplýsingum frá sveitarfélögum á Vestfjörðum, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Vegagerðinni, menntastofnunum, heilbrigðisstofnunum o.fl. Auk þess byggir vinnan á viðtölum sem tekin voru við íbúa á Vestfjörðum. Jafnframt aflaði KPMG upplýsinga úr ýmsum opinberum gögnum.

Ekki hefur verið framkvæmd sérstök könnun á áreiðanleika þeirra gagna sem byggt er á en miðað er við að um heimildir traustra aðila sé að ræða. KPMG getur ekki ábyrgst nákvæmni né áreiðanleika þeirra upplýsinga sem hér koma fram né að þær séu tæmandi.

KPMG ber enga ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli niðurstöðu skýrslunnar. Öll ábyrgð vegna ákvarðana sem teknar verða á grundvelli skýrslunnar eða niðurstaðna hennar er á höndum verkkaupa eða annarra aðila er að málinu kunna að koma.

# Efnisyfirlit

4 Um verkefnið

---

5 Samantekt

---

9 Jarðgöng á Vestfjörðum

---

13 Greining á stöðu og áhrifum jarðganga

---

28 Sviðsmyndir

---

31 Viðaukar



# Um verkefnið

Fjórðungssamband Vestfirðinga fól KPMG að vinna samfélagslega greiningu um áhrif ólíkra valkosta jarðgangagerðar á Vestfjörðum. Sú vinna fól meðal annars í sér viðtöl við hagaðila, gagnaöflun frá opinberum aðilum og greiningar. Verkefnið var unnið á haustmánuðum árið 2021.

## Viðtöl

Tekin voru viðtöl við aðila víðs vegar að úr samfélaginu á Vestfjörðum. M.a. var rætt við fulltrúa úr sveitarstjórnnum Vesturbyggðar, Tálknafjarðarhrepps, Ísafjarðarbæjar, Bolungarvíkurkaupstaðar og Súðavíkurhrepps. Einnig var rætt við aðila í atvinnulífi svæðisins í ferðaþjónustu, fiskeldi, sjávarútvegi og fleiri atvinnugreinum. Þá var upplýsinga aflað um íbúapróun, færð á vegum, þjónustu- og atvinnusókn og ýmsar aðrar tölulegar staðreyndir tengdar Vestfjörðum.

## Jarðgöng á Vestfjörðum

Í þessari greiningu er unnið með tvo jarðgangakosti og er það í takt við tillögur að jarðgangakostum í skýrslum Vegagerðarinnar, Hreins Haraldssonar<sup>2</sup> og fleiri fyrir Vestfjarðarstofu. Þetta eru annars vegar göng um Hálfðán og Mikladal á sunnanverðum Vestfjörðum og hins vegar á milli Ísafjarðar og Súðavíkur (Súðavíkurhlíð) á norðanverðum Vestfjörðum. Aðrir jarðgangakostir eru þó vissulega til staðar á svæðinu s.s. undir Klettsháls, tvöföldun Breiðadalsleggs Vestfjarðaganga og fl.

**Lengd gangna:** 6 km um Hálfðán, 3 km um Mikladal og 6,7 km á milli Álftafjarðar og Skutulsfjarðar en eins hafa verið settar fram tillögur um 2,7 km göng á Súðavíkurhlíð<sup>2</sup>.

## Ekki fjárhagsleg greining!

Rétt er að taka fram að þessi vinna snýst ekki um gerð fjárhagslega greininga vegna þeirra valkosta sem til skoðunar eru. Að sama skapi er ekki lagt mat á hver lengd jarðganga þarf að vera.

## Helstu áhrifaþættir sem skoðaðir eru:

- Samgöngur
- Verðmætasköpun
- Öryggi
- Atvinna, þjónusta og byggðapróun
- Mannlíf og jafnrétti
- Samræmi við stefnur stjórnvalda





Samantekt

# Stöðugreining

## Mikilvægi jarðgangna á Vestfjörðum

Þegar lítið er til einstakra gangakosta á Vestfjörðum þarf að hafa í huga margföld og flókin áhrif þeirra á samfélagið. Helstu rök fyrir jarðgangagerð undir Hálfán, Mikladal og Álftafjarðargöngum koma til vegna núverandi stöðu vegakerfisins:

- Mikil hættu er á vegum vegna snjóflóða, grjóthruns, slæms veðurfars og ástands á vegum.
- Almennu öryggi er ábótavant þar sem fólk getur einangrast frá lífsnauðsynlegri þjónustu.
- Vegakerfið styður ekki nægjanlega við sívaxandi verðmætasköpun á Vestfjörðum. Þar skipta jarðgöng verulegu máli.
- Yfir vetrarmánuði takmarkar færð oft tengingar mannlífs milli aðliggjandi þéttbýliskjarna, s.s. íþrótt- og skólastarf, menningarlíf, viðburðir, félagsstörf, og fleira.
- Núverandi staða í samgöngumálum á Vestfjörðum er ekki í takt við ýmis markmið stjórnvalda sem koma m.a. fram í tengslum við markmið um orkuskipti, Samgönguáætlun, Bygðaaætlun og Fjármálaáætlun.

Vestfirðingar hafa lengi krafist úrbóta í samgöngumálum svæðisins. Átak hefur verið gert í tengingu milli norðan- og sunnanverðra Vestfjarða með tilkomu Dýrafjarðargangna og samgöngubóta tengdum þeim. Eftir situr að tryggja þarf öryggi samgangna á milli þéttbýliskjarnanna, bæði á norðanverðum og sunnanverðum Vestfjörðum.

Í greiningunni var rætt við fjölmarga einstaklinga sem lýstu fólksfækkun á þessum slóðum, m.a. vegna þeirrar áhættu og einangrunar sem íbúar búa við ásamt stöðugu óöryggi sem núverandi ástand á vegum skapar og hægt væri að leysa með jarðgöngum.

## Undirbúningsrannsóknir

Gerðar hafa verið margvíslegar undirbúningsrannsóknir vegna jarðgangna milli Ísafjarðar og Súðavíkur, samanber skýrslu um öryggismál Djúpvegur um Súðavík<sup>2,3</sup>. Talið er að aðstæður til jarðgangagerðar séu sömuleiðis góðar undir Hálfán og Mikladal þótt minna sé um rannsóknir á þeim möguleikum.



**Fólk hefur orðið fyrir verulegu tjóni. Það er einungis tímaspursmál að stórslys verði.**

Viðhorf viðmælanda

# Áhrif jarðganga

## Samgöngur

### Umferð

- Umferðaraukning með tilkomu jarðganga
- Tryggir innviðir til vetrarumferðar
- Nútímakröfur til bættra samgangna

## Verðmætasköpun

### Fiskeldi

- Meðal grunnþátta til aukinnar verðmætasköpunar fyrir Ísland
- Innviðir til umferðaraukningar vegna flutningabifreiða
- Atvinnusköpun og margföldunaráhrif
- Laða að mannauð

### Ferðapjónusta

- Heilsársferðapjónusta og heilsársstörf
- Dreifing álags um Ísland

## Öryggi

### Heilbrigðismál

- Aðgengi að heilbrigðisþjónustu allan ársins hring
- Óöryggi á vegum
- Velliðan við akstur
- Koma í veg fyrir slys og tjón
- Ákall íbúa til bættra samgangna

## Atvinna, þjónusta og byggðapróun

### Íbúa- og byggðapróun

- Viðsnúningur á neikvæðri íbúaþróun
- Efling byggðakjarna

### Atvinnusókn

- Tenging Vestfjarða innbyrðis í sameiginleg atvinnusvæði
- Stöðugir flutningar og þjónusta, jafnt daga sem nætur, allt árið

### Þjónustusókn

- Tenging í eitt þjónustusvæði með heilsárs aðgengi

## Mannlíf og jafnrétti

### Jafnrétti

- Jafna möguleika kynjanna og mismunandi hópa til atvinnu
- Styrkja atvinnumöguleika maka
- Félagsstörf og menningarmál
- Aukinn fjölbreytileiki og framboð
- Íþróttaiðkun á öllum aldursstigum
- Menntamál
- Aukin samvinna á leik- og grunnskólastigi
- Tengsl við mennta- og framhaldsskóla
- Aðgengi að sí- og endurmenntun

## Stefnur og markmið stjórnvalda

Stjónvöld hafa sett fram ýmsar stefnur sem miða að því að efla og styrkja byggð um allt land. Má þar m.a. nefna:

- Fjármálaáætlun 2022-2026
- Samgönguáætlun 2020-2034
- Aðgerðaráætlun byggðaáætlunar 2018-2024
- Orkustefna til 2050
- Markmið um sameiningu og samstarf sveitarfélaga

# Tölurnar tala sínu máli

Vestfirðingum fækkaði um **13,4%** árin 2000-2020  
m.v. 30,5% fjölgun á landsvísu

... en sú þróun snérist við árið 2017 og **3,6%**  
fjölgun Vestfirðinga varð milli árana 2017-2020  
m.v. 7,6% fjölgun íbúa á landsvísu

Lokað var í **270** skipti frá 2018 til 2020 vegna  
ófærðar, óveðurs eða snjóflóðahættu um Hálfðán,  
Mikladal og Súðavíkurlíð

**61** snjóflóð féll á  
Súðavíkurlíð árið 2018

**46 ma.kr.** er áætlað heildarsöluverðmæti fiskeldis frá  
Vestfjörðum við fullnýtingu framleiðsluheimilda

Áætlað er að um **1.850** manns geti byggt  
afkomu sína að einhverju leyti á fiskeldi við  
fullnýtingu fiskeldisheimilda

Um **340%** aukning vöruflutninga á  
vegum er áætluð, eingöngu vegna  
fiskeldis

**81%** fólks á sunnanverðum Vestfjörðum  
veigrar sér að fara á milli byggðarlaga að  
vetri til...

... en **33%** þeirra vinna  
utan sinna byggðarkjarna

**Ákall Vestfirðinga snýr að bættum samgöngum og  
jarðgangagerð til að jafna samkeppnisstöðu svæðisins**

Heimildir: Byggðastofnun, Fjórðungssamband Vestfirðinga, Greining KPMG, Hagstofa Íslands





# Jarðgöng á Vestfjörðum

# Jarðgögn til umfjöllunar

**1** Hálfán og Miklidalur

**2** Súðavíkurgöng



# Hálf dán og Miklidalur

## Tenging á sunnanverðum Vestfjörðum

Vegurinn um Miklidal tengir Patreksfjörð við Tálknafjörð en vegurinn um Hálf dán tengir Tálknafjörð og Bíldudal. Um þriðjungur íbúa svæðisins vinna utan byggðarkjarna og þurfa því að fara daglega um fjallvegina allt árið. Einnig er mikið um vöruflutninga þar á milli. Eðlilegt er að horfa á Hálf dán og Miklidal sem sama verkefni til að tryggja samgöngur á milli byggðanna á sunnanverðum Vestfjörðum.

Hálf dán er einn **hæsti fjallvegur** landsins í 500m h.y.s.

Miklidalur getur verið „**veðravíti**“

Vegirnir um Hálf dán og Miklidal hafa verið dæmdir **ónýtir**, bæði vegna ónýts burðarlags og slits á klæðningu <sup>4</sup>

Íbúar veigra sér oft að fara um vegina og finna fyrir **miklum kvíða**<sup>7</sup>

Uppsöfnuð atvik\* 2018-2020 voru **77 um Hálf dán** og **93 um Miklidal**<sup>5</sup>

Efla þarf vetrarþjónustu á svæðinu í takt við **þarfir atvinnulífs**

\*Atvik þegar það er ófært, lokað vegna snjóflóðahættu eða það er óveður/stórhrið



# Ísafjörður-Súðavík

## Ísafjörður-Súðavík (Súðavíkurlíð)

Vegurinn um Súðavíkurlíð tengir saman Súðavík og Ísafjörð, en vegurinn er um 20,6 km langur. Þegar hann er lokaður er stysta vegalengdin milli Ísafjarðar og Súðavíkur 450 km. Fyrirtæki á norðanverðum Vestfjörðum nota þessa leið til að flytja vörur suður á markað. Einnig vinna margir íbúar Súðavíkur á Ísafirði.

Algjör **einangrun** fylgir lokunum, en 60 lokanir voru árið 2020

Árið 2018 féllu **61 snjóflóð** um hlíðina - 22 snjóflóðagil á 2,7km kafla<sup>1</sup> – samtals 237 árin 2000 til 2020

Uppsöfnuð atvik 2018-2020 voru um **100 samtals**<sup>5</sup>

Að mati íbúa er **grjóthrun mesta hættan** þegar ekið er um hlíðina

Grjót getur fallið úr **600m hæð** og náð miklum hraða

**Skortur** er á byggingalandi á Ísafirði en það er nægjanlegt í Súðavík

Íbúar telja að vegskálar verði **ekki nægileg vörn** gegn grjóthruni





# Greining á stöðu og áhrifum jarðganga

# Umferð

## Umferð um Mikladal, Hálfðan og Ísafjörð-Súðavík árið 2020

Um 115.000 bifreiðar fara um Mikladal á ári hverju, miðað við tölur frá 2020. Þá fara tæplega 70.000 bifreiðar um Hálfðan en 172.000 fara veginn um Ísafjörð og Súðavík. Til samanburðar er talið að um 88.000 bifreiðar muni fara á hverju ári í gegnum Dýrafjarðargöng miðað við tölur frá 2020.

Bolungarvíkurgöng eru með fjölförnustu göngum á landinu á eftir Hvalfjarðar- og Vaðlaheiðargöngum. Ef horft er til álíka aukningar á umferð eins og varð raunin með Bolungarvíkurgöng, mætti áætla að 10 árum eftir opnun væri umferð um Mikladal um 84.000 bifreiðar og um Hálfðan um 143.000 bifreiðar.

Milli Ísafjarðar og Súðavíkur fara í dag tæplega 172.000 bílar á ári. Gera má ráð fyrir að umferð muni minnka eitthvað á komandi árum sökum þess að styttra verður að aka Vestfjarðarveg 60 en Djúpveg 61. Hins vegar gæti komið á móti aukin umferð íbúa með styrkingu Súðavíkur sem atvinnu- og íbúasvæðis tengdu Ísafirði.

Það er talsverð sveifla milli árstíða hvað varðar umferðartölur, eins og sést á töflunni hér til hliðar. Vetrarumferð um Hálfðan og Mikladal er aðeins um helmingur af sumarumferð. Sama hlutfall er 25,3% fyrir Ísafjörð-Súðavík. Þar spilar m.a. inn í að fólk veigrar sér að ferðast þegar færð er slæm og mikið er um lokanir á þessum vegi einkum vegna færðar, snjóflóða- og grjóthrunshættu. Þessu fylgir einangrun íbúa á svæðinu á veturna og veruleg óþægindi fyrir atvinnulífið.

### Umferðartölur 2020

	Ársumferð	V/S
Miklidalur	114.975	49,4%
Hálfðan	67.525	49,1%
Ísafjörður-Súðavík	171.550	25,3%

Heimildir: Vegagerðin, Greining KPMG

### Af vettvangi

Um Bolungarvíkurgöng hefur umferð aukist um 24% frá því að þau opnuðu (milli árána 2010 til 2020) og haldist nokkuð í hendur við fjölgun íbúa á tímabilinu. Íbúar telja að sú þróun sé einkum vegna bættrar öryggistilfinningar og aukinnar bjartsýni um framtíð sveitarfélagsins í kjölfar jarðganganna. Telja íbúar einnig að ört vaxandi nýsköpunarfyrirtæki á staðnum hefðu ekki sest að á Bolungarvík án ganganna.

Bolungarvíkurgöng eru með fjölförnustu göngum á landinu á eftir Hvalfjarðar- og Vaðlaheiðargöngum, með u.þ.b. 1.000 bifreiðar að meðaltali á dag.

Heimildir: Vegagerðin/Vaðlaheiðargöng

# Ófærð og lokanir á vegum

## Ófærð og lokanir um Hálfán og Mikladal

Fjöldi uppsafnaðra atvika, þ.e. skipti þar sem vegur er ófær, óveður/stórhrið stendur yfir, eða óvissuástand vegna snjóflóðahættu er til staðar, voru 77 um Mikladal og 93 um Hálfán á árunum 2018-2020, samanber súlurit hér til hliðar. Óveður/stórhrið var þar stærsti þátturinn.


Á árunum 2010-2020 var ófært að meðaltali í 12 daga á ári yfir Hálfán og 10 daga á ári yfir Mikladal einhvern hluta dags. Fjöldi daga sveiflaðist þá nokkuð á þessu tímabili eins og sést í línuriti á næstu síðu.

## Ófærð og lokanir um Ísafjörð-Súðavík

Uppsöfnuð atvik voru 98 á árunum 2018-2020 um veginn milli Ísafjarðar og Súðavíkur. Þar var óvissustig vegna snjóflóðahættu stærsti liðurinn. Í þeirri tölu eru ekki atvik vegna grjóthruns en íbúar telja það skapa eina mesta hættuna á leiðinni. Mögulega gæti það verið vegna þiðnunar sífreri sem getur aukið hættu á grjóthruni.

Meðalfjöldi daga sem ófært var einhvern hluta úr degi á árunum 2010-2020 var 9 á ári um veginn á milli Ísafjarðar og Súðavíkur (Súðavíkurhlíð), sjá línurit á næstu síðu.

## Uppsöfnuð atvik 2018-2020 (fjöldi skipta)



Heimildir: Fjórðungssamband Vestfirðinga, Vegagerð



# Ófærð og lokanir á vegum frh.


## Áhrif ófærðar og lokana

Yfir vetrartímamann getur verið óöruggt að fara um vegina vegna síbreytilegs veðurs um Hálfðán og Miklidalur annars vegar og mikillar hættu á grjóthruni og snjóflóðum um Súðavíkurhlíð hins vegar. Að sögn viðmælenda eru til fjölmörg dæmi um atvik þar sem stórslys hefðu getað orðið.

Einnig verða íbúar fyrir mikilli einangrun og komast ekki í lífsnauðsynlega heilbrigðisþjónustu. Því fylgir mikil kvíðatilfinning fyrir íbúa að veigra sér við að sækja daglega vinnu milli þéttbýlisstaða, innan sama atvinnusvæðis.



## Fjöldi daga á ári sem ófært er einhvern hluta úr degi



Heimildir: Vegagerð, Greining KPMG



# Ákall íbúa

## Vegakerfið á Vestfjörðum skorar lægst í viðhorfskönnun

Sunnanverðir Vestfirðir komu verst út úr íbúakönnun um búsetuskilyrði á landshlutunum árið 2020. Þeir komu einnig verst út þegar horft var einungis til vegakerfis, langt á eftir þeim landshluta sem kom næstur. Norðanverðir Vestfirðir voru meðal þeirra landshluta sem lækkuðu mest í könnuninni og voru undir meðaltali yfir alla landshluta<sup>6</sup>.

## Úrbætur á vegakerfi

Viðhorfskönnun meðal íbúa sem gerð var af rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri leiddi í ljós að íbúar finna fyrir miklum kvíða yfir vetrartímann við að keyra yfir Hálfán, Mikladal og eins um Súðavíkurlíð<sup>7</sup>.

Á heildina titið eru íbúar á Vestfjörðum sammála um að mest aðkallandi sé að unnið verði í samgöngum og vegakerfi, samkvæmt viðhorfskönnunum tveimur.



“ Vestfirðingar eru miklu háðari akstri vegna takmarkaðs flugs. Nú gerir fólk kröfur um samgöngur til að tryggja lífsöryggi og gæði.

Viðhorf viðmælanda

“ Vegna fjallveganna er rekstrarkostnaður bifreiða íbúa og fyrirtækja mun hærri á Vestfjörðum.

Viðhorf viðmælanda

“ Verður ekki hlustað á okkur fyrr en það verður banaslys? Það hefur ekki verið hægt að skrá öll þau „næstum því“ slys sem hafa orðið hér.

Viðhorf viðmælanda

# Fiskeldi

## Núverandi staða

Árið 2020 var rúmlega helmingur af heildarframleiðslu í fiskeldi framleiddur á Vestfjörðum, eða um 20.000 tonn, en heildarframleiðsla nam 40.000 tonnum. Heildarsöluverðmæti eldisafurða á Vestfjörðum nam þá um 20 ma.kr. árið 2020, sem nam tæplega 2,0% af heildarútlutningsverðmæti þjóðarinnar.

Um þriðjungur af aukningu í verðmætasköpun svæðisins byggði á fiskveiðum, fiskvinnslu og fiskeldi á árunum 2012-2017.

Ör þróun hefur orðið í atvinnugreininni á undanförunum árum á landsvísu en hlutur fiskveiða og fiskeldis nam um 4,0% af landsframleiðslu árið 2019<sup>8</sup>.


## Þróun

Árið 2019 unnu um 150 manns í fiskeldi hjá stærstu fyrirtækjum á Vestfjörðum (bein störf). Áætlað er að sá fjöldi fari upp í 640 við fullnýtingu framleiðsluheimilda. Með óbeinum störfum og tengdum aðilum meðtöldum er áætlað að um 1.850 einstaklingar muni byggja afkomu sína að einhverju leyti á fiskeldi á Vestfjörðum<sup>8</sup>.

Heildarsöluverðmæti er áætlað um 46 ma.kr. á Vestfjörðum þegar framleiðsla nær 51.000 tonn, og er það aukning um 255% frá árinu 2020. Heildarframleiðsla fiskeldis á landsvísu jókst um 800% á árunum 2010-2020, sjá línurit hér til hliðar<sup>8</sup>.

Áætlað skattspor m.v. áætlað heildarsöluverðmæti er 2,2 ma.kr. Áætlað er að hlutfall eldisafurða á Vestfjörðum af heildarútlutningsverðmætum landsmanna muni tvöfaldast á næstu árum<sup>8</sup>.

## Ísland - framleiðsla í tonnum og ársverk



Heimildir: Greining KPMG vegna áhrifa fiskeldis á Vestfjörðum 2021

Áætlað söluverðmæti fiskeldis stefnir í um **46 ma.kr. á Vestfjörðum**

Áætlað er að á komandi árum muni **1.850 manns geta byggt afkomu sína að einhverju leyti á fiskeldi á Vestfjörðum**

# Fiskeldi frh.

## Áhrif lokana og ófærðar á vegum

Afurð fiskeldis er tímaviðkvæm vara. Vegna veðurfars og erfiðra samgangna yfir vetrartímam hafa orðið fjölmörg tilvik þar sem starfsfólk hefur ekki náð að mæta til vinnu. Eins hafa flutningabílar oft átt í erfiðleikum með að komast á milli.

Eins og staðan er núna fara um 5-7 vörubílar á dag með afurðir fiskeldis. Miðað við hámarksnýtingu framleiðsluheimilda má áætla að alls um 16-17 vörubílar muni flytja afurðir fiskeldisins á hverjum degi. Auk þess eru fódurflutningar og fleira sem auka fjölda vöruflutninga enn frekar. Því skiptir miklu máli fyrir atvinnugreinina og eins hag þjóðarinnar að samgöngur séu tryggar.

Þannig aka flutningabílar með um 77 m.kr. söluverðmæti fiskafurða bara vegna fiskeldis um þessa vegi á degi hverjum. Mikið hagsmunaaatriði er fyrir sjávarútveg að jarðgöng verði sett á helstu áhættusvæðin.



**Ferskur fiskur á leið á markað þolir enga bið.**

Viðhorf viðmælanda

Árið 2021 aka flutningabílar daglega með um **77 m.kr. í söluverðmætum**, einungis vegna fiskeldis

Þegar framleiðsluheimildir fiskeldis verða fullnýttar er reiknað með að um **177 m.kr. í söluverðmæti þeirra** verði ekið um vegina daglega

Áætla má um **340% aukningu** á vöruflutningum eftir að framleiðsla nær 51.000 tonnum

Heimildir: Greining KPMG




# Ferðapjónusta

## Þróun í ferðapjónustu

Ferðapjónusta hefur aukist umtalsvert um allt land undanfarin ár en þó má segja að sú aukning hafi ekki náð nema takmarkað til Vestfjarða.

Árið 2019, þ.e. fyrir COVID-19, var hlutdeild gestakoma til Vestfjarða miðað við landið í heild um 2,68%. Það hlutfall hefur oft verið í kringum 2,5%-4,5% á árunum á undan. Þá var heildarvöxtur í fjölda gistingu milli ára 2010 og 2019 um 80% fyrir Vestfirði, en nam 180% fyrir Ísland í heild. Eins og línuritíð sýnir hér að neðan, þá hefur reynst erfitt fyrir Vestfirði að jafna fjölda ferðamanna yfir árið.

### Fjöldi gistingu á mánuði 2016-2020



Heimildir: Hagstofa Íslands, Greining KPMG



**Ferðapjónustan verður að geta starfað á heilsársgrunni og skapað heilsársstörf. Annars mun atvinnugreinin lognast út af og viðskiptavinir og fyrirtækin fara annað.**

Viðhorf viðmælanda



**Það ríkja fordómar gagnvart ferðalögum til Vestfjarða yfir vetrartímann. Því verður einungis breytt með tilkomu jarðganga.**

Viðhorf viðmælanda

# Ferðapjónusta frh.

## Verðmætasköpun

Ferðapjónusta á Íslandi hefur skapað yfir um 200-240 ma.kr. á ári miðað við árin 2016-2019. Þá hefur hlutfall hennar verið í kringum 8% af vergri landsframleiðslu. Árið 2016 störfuðu rúmlega 25.000 manns í atvinnugreininni á landsvísu.

Sé litið til núverandi hlutdeildar ferðapjónustunnar á Vestfjörðum m.v. Ísland í heild sinni (samanber línuritið á síðustu síðu), þá er ljóst að ferðapjónustan á Vestfjörðum á mikið inni. Ferðamannastraumur til Íslands hefur aukist mjög mikið utan sumartíma, en það hefur ekki verið raunin á Vestfjörðum. Því er hægt að álykta að framboð heilsársferðapjónustu bjóði upp á tækifæri til frekari verðmætasköpunar á svæðinu, en það er háð því að ferðamenn búi við öruggar samgöngur. Það er stefna stjórnvalda að dreifa ferðamönnum meira um landið í heild til að auka þolmörk bæði lands og þjóðar. Þar eru Vestfirðir eitt vannýttasta landsvæði landsins – perla sem býður upp á ótrúlega upplifun ferðamanna.

Vestfirðir, sem vannýtt ferðamannasvæði, býður upp á mikil tækifæri til verðmætasköpunar fyrir svæðið og Ísland í heild

Heilsárs ferðapjónusta getur stóreflt atvinnulífið á Vestfjörðum



Heimildir: Hagstofa Íslands

# Íbúapróun

## Íbúapróun Vestfjarða


Fram til ársins 2015 höfðu Vestfirðir glímt við stöðuga fækkun íbúa um rúmlega 30 ára skeið og fór íbúafjöldi lægst í tæplega 6.900. Eftir það hefur íbúum fjölgað á nýjan leik og árið 2020 var heildarfjöldi íbúa um 7.100. Mest hefur fjölgunin verið á Ísafirði en stöðug fækkun íbúa hefur verið á Súðavík. Á sunnanverðum Vestfjörðum hefur fjölgunin verið mest á Patreksfirði. Samkvæmt greiningu Bygðastofnunar er hægt að rekja fólksfjölgun einstakra byggðarkjarna til uppbyggingar fiskeldis<sup>10</sup>.

Viðmælendur telja að stærstan hluta þessarar fólksfækkunar megi skrifa á óvissu í samgöngumálum og ekki verði hægt að tryggja öryggi fólks til að sinna sínum störfum, nema með jarðgöngum á hættulegustu svæðunum.


Mannfjöldi eftir sveitarfélögum og völdum þéttbýliskjörnum			
Sveitarfélag	2020	Þéttbýliskjarnar	2020
Ísafjarðarbær	3809	Ísafjörður	2685
		Flateyri	208
		Suðureyri	276
Vesturbyggð	1021	Patreksfjörður	696
		Bíldudalur	219
Bolungarvíkurkaupstaður	955	Bolungarvík	930
Tálknafjarðarhreppur	251	Tálknafjörður	236
Súðavíkurhreppur	208	Súðavík	170
Strandabyggð	457	Hólmavík	329
Reykholahreppur	262		
Kaldrananeshreppur	109		
Árneshreppur	43		

Heimildir: Hagstofa Íslands, Greining KPMG


## Vestfirðir - íbúafjöldi 1999-2020



## Norðanverðir Vestfirðir - íbúafjöldi 1999-2020



## Sunnanverðir Vestfirðir - íbúafjöldi 1999-2020



# Íbúapróun

## Íbúapróun á Íslandi

Eins og sjá má á myndinni hér til hliðar þá hefur Vestfirðingum fækkað á meðan íbúum landsins hefur fjölgað. Íslendingum fjölgaði úr 279.049 í 364.134 á árunum 2000 til 2020, eða um 30,5%. Hefði Vestfirðingum fjölgað í takt við þróun á landinu öllu, væru þeir 9.276 í dag í stað 7.108. Íbúar á Vestfjörðum voru um 2% af mannfjölda Íslands árið 2020 en árið 2000 voru þeir 2,9% af mannfjölda landsins.

Samkvæmt íbúakönnunum sem gerðar voru á Vestfjörðum undanfarin ár telja flestir íbúa lélegar samgöngur og innviði til uppbyggingar vera ástæðan fyrir þeirri fólksfækkun sem hefur átt sér stað. Í þeim könnunum kemur einnig fram að íbúar telja bættar samgöngur lykilsforsendur varanlegrar íbúafjölgunar<sup>7</sup>.

## Aldursþróun á Vestfjörðum


Aldurssamsetning íbúa á Vestfjörðum hefur einnig breyst en árið 2010 var hlutfall íbúa 50 ára og yngri 68,6% en í dag er það 63,3%. Hlutfall íbúa á eftirlaunaaldri, þ.e. fólk 67 ára og eldri, hefur farið úr 12,0% upp í 13,8% á sama tíma.

Miðað við núverandi aldersdreifingu er líklegt að hlutfall yngri aldurshópa eigi eftir að lækka talsvert, í takt við spár um öldrun samfélags á Íslandi og víða um heiminn.

Hins vegar hefur uppbygging í fiskeldi unnið á móti þeirrar þróunar á sunnanverðum Vestfjörðum, samkvæmt skýrslu Byggðastofnunar frá 2019<sup>10</sup>. Hlutfallslega meiri vöxtur hefur orðið þar á 20-39 ára aldurshópnum og er meðalaldur lægstur á sunnanverðum Vestfjörðum m.v. önnur svæði á Vestfjörðum.

## Íbúapróun á Íslandi árin 2000 til 2020

Árið 2000:	Árið 2020:	Fjölgun:
279.049	364.134	30,5%



Heimildir: Hagstofa Íslands, Greining KPMG

# Þjónusta

## Þjónustusókn á Vestfjörðum

Samkvæmt könnun Byggðastofnunar um þjónustu á Vestfjörðum frá 2018 var um 72% þjónustu sótt til aðila á Vestfjörðum, þar af var 52% sótt til Ísafjarðar en 8% var sótt til þjónustuaðila í Vesturbyggð og Tálknafjarðarhrepp.

Þjónustusókn Vestfirðinga er ólík eftir búsetusvæðum. Búsettir aðilar á norðanverðum Vestfjörðum sóttu meirihluta sinnar þjónustu til aðila á búsetusvæðinu. Aðilar búsettir í sunnanverðum Vestfjörðum sóttu u.þ.b. 50% sinnar þjónustu til suðursvæðisins en um 37% þjónustunnar var sótt til höfuðborgarsvæðis. Um 20% íbúa á sunnanverðum Vestfjörðum sóttu lágvörverslun á Ísafirði en um 70% fóru til Borgarness og/eða höfuðborgarsvæðis<sup>11</sup>.

Í fyrrnefndri könnun telja íbúa að bættar samgöngur geti eftt verslun og þjónustusókn innan svæðisins. Íbúar telja einnig að bættar samgöngur geti eftt möguleika til að sækja heilbrigðisþjónustu innan svæðisins<sup>7</sup>. Þar munu göng um Hálfðán og Mikladal styrkja alla þjónustu á sunnanverðum Vestfjörðum. Þá munu jarðgöng á milli Ísafjarðar og Súðavíkur sömuleiðis efla þjónustusvæðið á norðursvæðinu.

Með tilkomu Dýrafjarðarganga og bættra samgangna á Dynjandisheiði munu samgöngur milli norður- og suður- Vestfjarða batna til muna og þjónustusókn á milli svæðanna aukast. Til að skapa sem mest samlegðaráhrif vegna þessara framkvæmda verður hins vegar að tengja norður- og suður Vestfirði betur innbyrðis.





# Atvinna

## Atvinnusókn

Könnun Byggðastofnunar frá 2018 sýnir að í heildina sóttu 26% Vestfirðinga vinnu út fyrir sitt þéttbýli. Flestir sækja atvinnu til Ísafjarðar, eða um 34,1%. Þá sækja 22% íbúa á norðanverðum Vestfjörðum vinnu út fyrir sitt þéttbýli á meðan 33% íbúa sunnanverðum Vestfjörðum sækja störf út fyrir sína byggðarkjarna<sup>11</sup>. Í könnun frá rannsóknarmiðstöð Háskólands á Akureyri kemur fram að um 61% allra íbúa á Vestfjörðum veigra sér að fara á milli byggðarlaga að vetrarlagi<sup>7</sup>.

Mikilvægt er að Vestfirðir geti boðið upp á fjölbreytt störf og að starfsmenn treysti sér til að vinna og ferðast milli nágrennabyggðalaga. Hætta er á að störf við fiskeldi verði að verulegu leyti mönnuð með erlendu farandverkafólki ef fyrirtækin, sveitarfélögin og stjórnvöld standa ekki saman í að skapa aðlaðandi aðstæður.



**Til að efla atvinnulíf á Vestfjörðum er lykilatriði að fólk geti treyst á að komast leiðar sinnar<sup>12</sup>.**

Viðhorf viðmælanda

Fólk getur oft ekki sótt atvinnu og þjónustu að vetrarlagi – því fylgja **raskanir í atvinnulífi og kvíði fyrir einstaklinga.**

**33% íbúa** á sunnanverðum Vestfjörðum vinna utan síns byggðarlags. **81% fólks** á sunnanverðum Vestfjörðum veigra sér að fara á milli byggðarlaga á veturna til að sinna daglegum störfum.

## Af vettvangi

Til eru dæmi um aukin tækifæri til nýsköpunar með tilkomu jarðganga. Má þar m.a. nefna matvælafyrirtæki á Bolungarvík eftir að göng opnuðu þar, sem byggja á öruggum og daglegum flutningum vara sinna á markað. Með tilkomu Súðavíkurganga getur orðið til aukin atvinnusköpun s.s. í kalkþörungavinnslu, en störf tengt því eru áætluð rúmlega 40.

Heimildir: Byggðastofnun

# Mannlíf og jafnrétti

## Menntamál

Menntaskóli er staðsettur á Ísafirði og framhaldsdeild FSN starfar á Patreksfirði. Sömuleiðis er háskólasetur á Ísafirði. Mörg dæmi voru nefnd meðal viðmælenda um það að fólk fari annað til að sækja sér framhaldsmenntunnar og komi ekki til baka vegna skorts á spennandi atvinnutækifærum.

Viðhorf viðmælenda og aðila í atvinnulífi er að það þurfi að laða að fólk með sérhæfða þekkingu og hátt menntastig til svæðisins. Þau telja að meginástæða þess að erfitt hefur gengið að manna störf sem krefjast sérþekkingar, séu lélegar samgöngur og einkum samgönguöryggi yfir vetrartímann.

## Íþróttir, tómstundir og fleira

Viðmælendur telja að til að tryggja öflugt íþróttasamstarf og aðrar tómstundir milli nágretta bæjarkjarna, þurfi jarðgöng til. Mjög oft hafa komið upp tilvik þar sem fresta hefur þurft viðburðum.

## Barna- og unglíngastarf

Börn og unglíngar á Súðavík þurfa að sækja mikið til Ísafjarðar og Bolungarvíkur vegna ýmis konar samstarfs, t.d. vegna sundkennslu. Á sunnanverðum Vestfjörðum er einnig vandamál að halda uppi sambærilegu samstarfi yfir vetrartímann þar sem fólk óttast að börnin nái ekki að komast heim frá skóla- og frístundastarfi í nágretta-þéttbýliskjörnum. Sömuleiðis óttast foreldrar sem sækja vinnu í nágrennabyggðakjörnum, að komast ekki heim eftir vinnu til að sinna börnum sínum.

## Jafnrétti

Samkvæmt könnunum eru konur mun líklegri til að veigra sér við að fara á milli byggðarlaga yfir vetrartímann<sup>7</sup>. Það skapar aðstöðumun til atvinnutækifæra, misrétti og ekki síður til mannglegra samskipta. Starfsfólk af erlendum uppruna sem kemur til starfa á Vestfjörðum, er einnig hikandi við að taka maka eða fjölskyldur með sér til Íslands, m.a. vegna þessa.



**Við höfum misst fólk burtu því þau þoldu ekki einangrunina og hættuna við keyra á milli byggðakjarnanna.**

Viðhorf viðmælenda

# Samræmi við stefnur stjórnvalda

## Byggðarþróun

Jarðgöng á Vestfjörðum geta haft mikil áhrif á að koma af stað jákvæðri byggðarþróun, eins og víða hefur sést á Íslandi. Þannig geta göng stuðlað að eflingu atvinnulífs á landsbyggðinni, styrkt samkeppnishæfi sveitarfélaga, skapað störf og bætt aðgengi að atvinnu og þjónustu. Mikilvægast fyrir íbúa svæðisins er að jarðgöngin sem fjallað er um hér, bæti öryggi og öryggistilfinningu og minnki þannig streitu.

Á Vestfjörðum geta þau einnig byggt upp innviði innan sveitarfélaga til að styðja við hrein orkuskipti og að hvetja þjóðfélagsþegna til orkuskipta.

Gerð jarðganga á Vestfjörðum styður m.a. undir eftirfarandi aðgerðaráætlanir stjórnvalda:

- Aðgerðaráætlun byggðaaætlunar 2018-2024
- Orkustefna til 2050
- Samgönguáætlun 2020-2034
- Fjármálaáætlun 2022-2026

Þá er einnig stefna stjórnvalda að auka samstarf og mögulega sameiningu sveitarfélaga.

“Byggðaaætlun skal hafa að meginmarkmiði að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna lífskjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðalaga um land allt. Sérstök áhersla skal lögð á svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf.”

Úr Byggðaaætlun samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis



# Sviðsmyndir

# Sviðsmyndir um mögulega þróun atvinnu- og mannlífs til 2035

## Á krossgötum

Árið 2019 mótaði Framtíðarsetur Íslands fyrir Vestfjarðastofu, fjórar sviðsmyndir um mögulega þróun atvinnu- og mannlífs á Vestfjörðum til ársins 2035. Sérhver sviðsmynd lýsir mögulegu atvinnuástandi sem gæti raungerst eftir mismunandi þróun valdra drifkrafta. Þessir drifkraftar fjölluðu annars vegar um viðhorf og athafnir stjórnvalda í garð Vestfjarða og hins vegar lýstu þær mismunandi uppbygginu þekkingarstigs á svæðinu og afleiðingum þess.

Viðmiðunarár sviðsmyndanna er 2035, en þær gætu raungerst fyrr. Sviðsmyndirnar fjórar eru tilgreindar hér til hægri.



Viðmiðunarár sviðsmyndanna er 2035 og lýsa þær mögulegri þróun atvinnu- og mannlífs á Vestfjörðum



Jarðgöng vegna friðunar og ferðaþjónustu



Engin ný jarðgöng



Jarðgöng í takt við vilja heimamanna



Jarðgöng á forsendum atvinnulífsins

# Sviðsmyndir um mögulega þróun atvinnu- og mannlífs til 2035



## Jarðgöng vegna friðunar og ferðapjónustu

### Vestfirski þjóðgarðurinn

Lítill áhersla er á menntun, atvinnulíf er tiltölulega fábreytt og aðkoma stjórnvalda hefur stuðlað að bættum samgöngum á friðlandinu á Vestfjörðum.

Til að styrkja við þéttbýliskjarna, mannlíf og ferðapjónustu á Vestfjörðum láta stjórnvöld byggja göng bæði um Mikladal og Hálfán og eins um Súðavíkurhlíð. Breyttar forsendur atvinnulífs eru með minnkandi fiskeldi, en ferðapjónusta á svæðinu hefur aukist og býður upp á fjölbreytta þjónustu allan ársins hring.



## Engin ný jarðgöng

### Aftur til fortíðar

Lítill áhersla er á menntun, atvinnulíf er fábreytt og lítill aðkoma stjórnvalda að svæðinu, enda eru byggðamál ekki áhersluþáttur hjá þeim. Vegasamgöngur eru ekki góðar, hvorki til Vestfjarða né innan þeirra. Jarðgöng hafa ekki verið byggð á Vestfjörðum síðan Dýrafjarðargöngin voru kláruð. Erfiðleikar og óöryggi vegna færðar á norðan- og sunnanverðum Vestfjörðum hafa leitt til samdráttar í atvinnuuppbyggingu, verulegrar fólksfækkunar og doða í atvinnulífi.



## Jarðgöng í takt við vilja heimamanna

### Vestfirðir í sókn

Áhersla á menntun íbúa, fjölbreytni í atvinnulífi næst með virkri aðkomu stjórnvalda. Samgöngur eru góðar bæði innan Vestfjarða og til þeirra.

Fjölmörg jarðgöng hafa verið byggð á Vestfjörðum, því auk ganga um Mikladal, Hálfán og Súðavíkurhlíð hefur verið ráðist í jarðgangagerð um Klettsháls auk tvöföldunar á Breiðadalslegg Vestfjarðaganga.

Aukin lífsgæði einkenna svæðið þar sem að aðgengi að heilbrigðisþjónustu og almennt öryggi er tryggt. Aukin fjölgun íbúa hefur fylgt í kjölfar margvíslegra nýrra þjónustu- og atvinnutækifæra.



## Jarðgöng á forsendum atvinnulífsins

### Vestfirsk seigla

Áhersla er á menntun og fjölskrúðugt atvinnulíf þrátt fyrir að stjórnvöld dragi fæturna í mörgu sem snertir Vestfirði. Þó hafa náðst umbætur í vegamálum, einkum á forsendum atvinnulífsins.


Jarðgöng hafa verið byggð um Kleifaheiði og eins um Mikladal og Hálfán auk tvöföldunar Breiðadalsleggs Vestfjarðaganga.




# Viðaukar

# Íbúapróun


## Ísafjarðarbær - íbúafjöldi 1999-2020




## Vesturbyggð - íbúafjöldi 1999-2020




## Súðavíkurhreppur - íbúafjöldi 1999-2020



## Tálknafjarðarhreppur - íbúafjöldi 1999-2020



## Bolungarvíkurkaupstaður - íbúafjöldi 1999-2020






# Þróun aldurssamsetningar


## Norðanverðir Vestfirðir 2010

Fjöldi einstaklinga innan hvers aldursbils (hvert bil er 5 ár)




## Sunnanverðir Vestfirðir 2010

Fjöldi einstaklinga innan hvers aldursbils (hvert bil er 5 ár)




## Norðanverðir Vestfirðir 2020

Fjöldi einstaklinga innan hvers aldursbils (hvert bil er 5 ár)



## Sunnanverðir Vestfirðir 2020

Fjöldi einstaklinga innan hvers aldursbils (hvert bil er 5 ár)



Heimildir: Hagstofa Íslands

# Viðmælendur

- Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðaþróunar Vestfjarðarstofu
- Ari Hafliðason, skrifstofu- og útgerðarstjóri Odda
- Arna Lára Jónsdóttir, bæjarfulltrúi og svæðisstjóri Eimskips á Vestfjörðum
- Ásdís Snót Guðmundsdóttir, skólástýra Patreksskóla
- Ásgeir Einarsson, Akstur og köfun
- Ásgeir Sveinsson, bæjarfulltrúi
- Birgir Gunnarsson, bæjarstjóri
- Birgir Ragnarsson, bæjarfulltrúi Súðavíkurhrepps
- Bjarnveig Guðbrandsdóttir, oddviti Tálknafjarðarhrepps
- Bragi Þór Thoroddsen, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps
- Daníel Jakobsson, ráðgjafi Arctic Fish
- Díana Jóhannsdóttir, sviðsstjóri atvinnusviðs Vestfjarðarstofu
- Dóra Hlín Gísladóttir, yfirmaður vöruþróunar Kerecis
- Elías Guðmundsson, framkvæmdastjóri Fisherman
- Elsa Guðbjörg Borgarsdóttir, bæjarfulltrúi Súðavíkurhrepps
- Finnbogi Bjarnason, bæjarfulltrúi Bolungarvíkurkaupstaðs
- Gísli Ásgeirsson, Akstur og köfun
- Gunnþórunn Bender, framkvæmdastjóri Westfjords Adventures
- Gunnar Ingi Hrafnsson, framkvæmdastjóri Fantastic Fjords
- Guðmundur Fertram Sigurjónsson, forstjóri Kerecis
- Guðmundur Ólafur Guðmundsson, Akstur og köfun
- Guðrún Eggertsdóttir, fjármálastjóri Odda
- Gyli Ólafsson, forstjóri Heilbrigðisstofnunar
- Hálf dán Óskarsson, framkvæmdastjóri Örnú
- Iða Marsibil Jónsdóttir, bæjarfulltrúi
- Jón Garðar Jörundsson, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar Arnarlax
- Jón Páll Hreinsson, bæjarfulltrúi Bolungarvíkurkaupstaðs
- Karl Ásgeirsson, verkefnastjóri Skaginn 3x
- Karl Ingi Vilbergsson, lögreglustjóri
- Lilja Magnúsdóttir, bæjarfulltrúi Tálknafjarðarhrepps
- Marzellíus Sveinbjörnsson, bæjarfulltrúi
- Neil Shiran Thorisson, fjármálastjóri Arctic Fish
- Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri Tálknafjarðarhrepps
- Rebekka Hilmarsdóttir, bæjarstjóri
- Sigríður Ó. Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Vestfjarðarstofu
- Skjöldur Pálmanson, framkvæmdastjóri Odda
- Sten Uve Tveiten, framkvæmdastjóri Arctic Fish
- Valdimar Ottósson, framkvæmdastjóri sjókvíaeldis Arnarlax

# Heimildir

## 1. Súðavík-Ísafjörður Greinargerð jarðganga

— [Súðavík Ísafjörður Greinargerð des 2020.pdf](#) (vegagerdin.is)

## 2. Jarðgangaáætlun fyrir Vestfirði

— [jarðgangaaaetlun\\_2021\\_lokaskjal-1-.pdf](#) (vestfirdir.is)

## 3. Öryggismál Djúpvegur

— [Djupvegur2002.pdf](#) (vegagerdin.is)

## 4. Úttekt Vegagerðar á klæðingum

— [Úttektir á klæðingum á Vestfjörðum 11. til 13. júní 2019.pdf](#) (vegagerdin.is)

## 5. Umsögn Vesturbyggðar um grænbók um samgöngumál – stöðumat og valkostir

— [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=3011&uid=99f2507d-d5f5-eb11-9ba8-005056bcce7e](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=3011&uid=99f2507d-d5f5-eb11-9ba8-005056bcce7e)

## 6. Íbúakönnun landshlutanna 2020

— [Microsoft PowerPoint - Ibuakönnun-landshlutanna-2020-nidurstodur seinni utgafa C.pptx](#) (sass.is)

## 7. Viðhorfskönnun samgangna á Vestfjörðum 2020

— [Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri](#)

## 8. Greining KPMG á áhrifum fiskeldis á Vestfjörðum 2021

— [210301-greining-a-ahrifum-fiskeldis-a-vestfjordum.pdf](#) (vestfirdir.is)

## 9. Áfangastaðáætlun Vestfjarða og drög fyrir 2020

— [Áfangastaðáætlun DMP Vestfirðir](#) (vestfirdir.is)

— [afangastadaaaetlun-vestfjarda-2020-drog.pdf](#) (vestfirdir.is)

## 10. Byggðaleg áhrif fiskeldis

— [byggdaleg\\_ahrif\\_fiskeldis.pdf](#) (byggdastofnun.is)

## 11. Þjónustukönnun Byggðastofnunar – Vestfirðir - 2019

— [Microsoft Word - 5 Vestfirðir loka.docx](#) (byggdastofnun.is)

Ljósmyndir eru fengnar frá eftirfarandi aðilum og eru þeim færðar þakkir fyrir:

Bragi Þór Thoroddsen, Elsa Guðbjörg Borgarsdóttir, Gísli Ásgeirsson og Vestfjarðastofa



[kpmg.com/socialmedia](https://kpmg.com/socialmedia)

© 2021 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.

Nafn og vörumerki KPMG eru skráð vörumerki KPMG International.